

ELÍN ÞÓR BJÖRNSDÓTTIR OG LILJA GUÐMUNSDÓTTIR

„... ÞAR LÆRIR MAÐUR AÐ HAFI TRÚ Á SJÁLFUM SÉR ...“

Elín Þór Björnsdóttir frá Siglufirði lauk námi frá Grunnmenntaskólanum síðastliðið vor. Elín Þór hafði fyrst samband við Farskólann – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra sumarið 2006 og lýsti yfir miklum áhuga á því að læra það sem Grunnmenntaskólinn hefði upp á að bjóða. Henni var tjáð að námskeiðið yrði auglýst í væntanlegum námsvísi Farskólans í byrjun september og að það færi allt eftir fjölda þátttakenda hvort af námskeiðinu yrði á Siglufirði. Elín vildi strax vita hver lágmarksþátttaka væri og lofaði að leggjast á sveif með Farskólanum með að auglýsa námið sem hún og gerði. Í janúar 2007 hófst kennsla Grunnmenntaskólans á Siglufirði og voru tíu konur skráðar í námið.

Elín Þór og Lilja Guðmundsdóttir, báðar nemendur í Grunnmenntaskólanum, settu á blað nokkra punkta um reynslu sína af náminu.

Við vorum tíu konur sem hófum nám í Grunnmenntaskólanum í janúar á þessu ári og vorum við á aldrinum 29–55 ára. Við teljum það skipta gríðarlega miklu máli að geta stundað nám í okkar heimabyggð og það gerði útslagið fyrir okkur flestar um að skrá okkur í námið. Hópurinn small strax saman enda þekkjast allir í litlu bæjarfélagi eins og Siglufirði og myndaðist mikill og góður trúnaður á milli okkar. Sem dæmi má nefna þá skiptum við okkur strax í fjóra hópa og skiptum með okkur að koma með veitingar þar sem við buðum kennurum upp á kaffi

með okkur. Við fórum flestar í Grunnmenntaskólann til að koma okkur af stað í nám eftir langa pásu og eftir á að hyggja var Grunnmenntaskólinn frábær leið til þess að rifja upp og öðlast smá trú á okkur sjálfar.

Þetta var þó nokkuð mikið nám á stuttum tíma. Við byrjuðum um miðjan janúar og lukum náminu í lok maí. Kennit var þrisvar í viku frá klukkan sjö til tíu síðdegis auk nokkurra laugardag. Námið var að okkar mati vel skipulagt. Fyrst var okkur kennd námstækni sem átti eftir að koma sér mjög vel í okkar námi. Síðan var farið í sjálfstyrkingu, ensku, íslensku, stærðfræði og tölvur. Einnig lærðum við um þjónustu, mannleg samskipti og í lokin lærðum við ræðumennsku og útbjuggum okkar eigin færniöppu og ferilskrá. Við teljum að góð sjálfstyrking, umfjöllun um mannleg samskipti og ræðumennska séu nauðsynlegur þáttur í svona námi því þar lærir maður að hafa trú á sjálfum sér og virða mörk annarra. Nú í haust fór helmingur hópsins í áframhaldandi nám og er í fjarnámi við framhaldsskóla.

Í lokin má segja frá því að við útskrifuðumst allar og höldum í útskriftarferð til Akureyrar einn laugardag í júní sem tókst vel í alla staði þar sem við dekrúðum við okkur. Þegar maður sest á skólabeck eftir langt frí er alveg nauðsynlegt að taka allan þakann með stæ!l

Við viljum þakka öllu því frábæra fólki sem kom að Grunnmenntaskólanum á Siglufirði og gerði hann að veruleika þar.



Góðum árangri í Grunnmenntaskólanum fagnað.